

Greinargerð áfrýjenda  
í Landsréttarmálinu nr. 628/2020



Ingibjörg Pálsdóttir og  
Fossatún ehf.  
gegn  
Veiðifélagi Grímsár og Tunguár

### Málflutningsumboð

Undirritaður lögmaður, Sigurður Örn Hilmarsson, flytur mál þetta fyrir hönd áfrýjenda.

### Dómkröfur

Áfrýjendurnir, Ingibjörg Pálsdóttir og Fossatún ehf., krefjast þess hvor fyrir sig að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að viðurkennt verði með dómi að stefnda, Veiðifélagi Grímsár og Tunguár, sé óheimilt að selja veiðihús félagsins að Fossási í Borgarbyggð á leigu, til almenns gisti- og veitingarekstrar, utan skilgreinds veiðitímabils skv. lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006, með síðari breytingum.

Áfrýjendur krefjast þess jafnframt hvor fyrir sig að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Landsrétti.

### Málið í hnotskurn

1. Í máli þessu reynir fyrst og fremst á þrjú atriði.
  - a. Í fyrsta lagi hvort að veitinga- og gistiþjónusta stefnda sem felst í útleigu veiðihússins utan skilgreinds veiðitímabils skv. lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006, geti talist til skyldrar starfsemi í skilningi e-liðar 1. mgr. 37. gr. áðurgreindra laga.
  - b. Í öðru lagi, og þá einungis ef fallist er á kröfu stefnda hvað fyrra atriðið varðar, hvort almenn veitinga- og gistiþjónusta stefnda samrýmist þeim takmörkunum sem gerðar eru til skylduaðildarfélaga sökum 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og meginreglna eignarréttarins.
  - c. Í þriðja lagi er á því byggt að við mat á ofangreindu beri að líta til þess að svigrúm löggjafans til takmörkunar á eignarrétti og félagafrelsi áfrýjenda er minna sökum þess að undirbúningur og afgreiðsla frumvarpsins sem varð að lögum nr. 50/2015 var óvandaður og án alls mats gagnvart stjórnarskrárbundnum réttindum áfrýjenda og annarra hagsmunaaðila.
2. Þannig miðar málatilbúnaður áfrýjenda einungis að sömu stöðu og gildi í fyrri lögskiptum aðila fyrir dómi, líkt og rakið verður nánar hér á eftir.

## Nánar um málsatvik, málsástæður og lagarök

### Inngangur

1. Áfrýjendur byggja á öllum sömu málsástæðum og í héraði (bls. 4-8), og er jafnframt vísað til málavaxtalýsingar í héraðsdómsstefnu (bls. 2-4). Því til viðbótar vekja áfrýjendur athygli réttarins á eftirfarandi.
2. Þann 14. mars 2014 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 676/2013 í máli sem áfrýjendur höfðuðu gegn stefnda þar sem þau kröfðust viðurkenningar á því að stefnda hefði verið óheimilt að selja veiðihúsið á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma. Töldu þau að sú starfsemi samrýmdist ekki lögboðnu hlutverki veiðifélaga og mislíkaði sú staðreynd að þau væru þvinguð til samkeppni við veiðifélag sem að þeim bæri skylda til aðildar að. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að ákvörðun veiðifélags um að selja öðrum veiðihús á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma teldist meiriháttar ákvörðun í skilningi óskráðra reglna eignarréttarins um sérstaka sameign, og þyrfti því samþykki allra félagsmanna í veiðifélagi.
3. Að mati áfrýjenda er þessi niðurstaða bæði rökrétt og lögleg, enda í samræmi við meginreglur eignarréttarins auk þess sem hún samrýmist vel þeim kröfum sem ber að gera til skylduaðildarfélaga sökum félagafrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, þ.e. að útleiga veiðifélaga á veiðihúsum til almenns gisti- og veitingarekstrar sé bundin samþykki allra félagsmanna, enda eru þeir skyldaðir til þátttöku í félaginu.
4. Eftir dóm Hæstaréttar var ljóst að útleiga veiðihússins til gisti- og veitingarekstrar utan veiðitímabíla var óheimil án einróma samþykkis félagsmanna.
5. Í kjölfarið héldu áfrýjendur áfram uppbyggingu ferðaþjónustu sinnar sem rekin er undir merkjum Fossatúns. Fyrir utan vinnutíma sinn og kostnað við markaðssetningu, fjárfestu áfrýjendur í fasteignum og innréttingum að Fossatúni fyrir kr. 98.881.104 á árunum 2014-2016.
6. Málsástæður er varða eignarrétt, félagafrelsi og aðild að stefnda lúta fyrst og fremst að áfrýjandanum Ingibjörgu Pálsdóttur, sem er þinglýstur eigandi jarðarinnar Fossatúns í Borgarbyggð.

### Lög nr. 50/2015

7. Í stað þess að una dómi Hæstaréttar í ofangreindu máli hóf Landssamband veiðifélaga þá vegferð að knýja fram breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 til samræmis við ætlaða hagsmuni þeirra. Það reyndist auðsótt og var lax- og

silungsveiðilögum breytt með lögum nr. 50/2015, sem samþykkt voru á Alþingi 30. júní 2015.

8. Svo sem segir í frumvarpinu sem síðar varð að lögum nr. 50/2015 var tilefni lagasetningarinnar áðurgreindur dómur Hæstaréttar. Í greinargerð með frumvarpinu er aðdragandanum og forsendum Hæstaréttar lýst með svofelldum hætti:

„Forsendur dómsins voru m.a. byggðar á forsögu ákvæðisins um skyldu til aðildar að veiðifélögum sem væri undantekning frá meginreglu 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um að engan megi skylda til aðildar að félagi. Í því felist jafnframt takmörkun á eignarráðum fasteignareiganda yfir veiðirétti jarðar sinnar. Af þessu leiddi jafnframt að viðfangsefni veiðifélaga takmörkuðust á hverjum tíma af þeim verkefnum sem löggjafinn fæli þeim og þyrftu þau að vera í nánu samhengi við tilgang laganna. Réttarstaða veiðifélaga væri ekki skilgreind með skýrum hætti í lögum nr. 61/2006 hvað varðar meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélags en þó væri ljóst að skipan mála innan þeirra og í skiptum út á við væri með sama hætti og þegar eignarréttindi að tilteknu verðmæti væru í sérstakri sameign. Þá er einnig í dómi Hæstaréttar vísað í óskráðar reglur eignarréttarins um sérstaka sameign, en auk þess var talið að hafa mætti nokkra hliðsjón af lagaákvæðum um afmarkaða flokka sérstakrar sameignar eins og reglum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, m.a. ákvæði 41. gr. laganna um ákvarðanatöku. Samkvæmt almennum reglum eignarréttar gildi sú meginregla um sérstaka sameign að samþykki allra sameigenda þyrfti til óvenjulegra ráðstafana og ráðstafana sem væru meiri háttar þótt venjulegar gætu talist. Taldi Hæstiréttur að ákvörðun veiðifélags um að selja öðrum veiðihús á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma væri meiri háttar ákvörðun í skilningi óskráðra reglna eignarréttarins um sérstaka sameign og gildi þá einu hvort hún teldist venjuleg eða óvenjuleg. Til slíkrar ákvörðunar þyrfti því samþykki allra félagsmanna í veiðifélagi.“

9. Svo segir í greinargerð með frumvarpinu:

„Eins og ráða má af framangreindri álitserð [Lagastofnunar Háskóla Íslands] og dómnum skortir lagareglur um meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga sem brýnt er að bæta úr.“

10. Þetta er rangt. Í fyrsta lagi er umrædd álitserð frá 14. janúar 2011 og lá hún því fyrir þegar dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Í öðru lagi er af hálfu áfrýjenda á því byggt að af dómi Hæstaréttar megi ekki leiða nokkurs konar skort á lagareglum um meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga. Niðurstaða Hæstaréttar var einfaldlega í samræmi við viðtekin sjónarmið og grundvallarreglur íslensks réttar um eignarrétt, félagafrelsi og rétt manna til að standa utan félaga. Þó Landssambandi veiðifélaga, og eftir atvikum stefnda, hafi þótt óheppilegt að geta ekki ráðstafað eignum sínum í andstöðu við vilja þeirra sem skyldaðir eru til þátttöku í slíkum félagsskap, geta slíkar kröfur ekki talist til nokkurs konar knýjandi þarfar með tilheyrandi skerðingu á eignarrétti og félagafrelsi þeirra sem deila ekki skoðunum Landssambands veiðifélaga eða gagnaðila áfrýjenda í máli þessu.

11. Þannig er aðdragandi lagabreytingarinnar nokkuð sérkennilegur, en athygli vekur að í frumvarpinu er þess sérstaklega getið að það hafi verið samið „í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, í samvinnu við Landssamband veiðifélaga“.
12. Það vekur einnig athygli að við gerð frumvarpsins hafi ekki þótt ástæða til að skoða sérstaklega samræmi efni þess við „stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar“ eins og segir í greinargerð þess. Sætir þetta furðu áfrýjenda sérstaklega í ljósi þess að tilefni lagasetningarinnar var fyrrnefndur dómur Hæstaréttar sem byggði einmitt á félagafrelsis- og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og þeirrar staðreyndar að frumvarpið mælti fyrir um skerðingu þeirra réttinda. Þannig var fyrirséð að lagasetningin reyndi mjög á þanþol stjórnarskrárinnar og raunar þannig að það hefur brostið að mati áfrýjenda. Það skýtur því skökku við að í frumvarpinu sé því haldið fram berum orðum að „frumvarpið þótti ekki gefa tilefni til að skoða sérstaklega samræmi við stjórnarskrá“. Sú staðreynd að löggjafinn hafi með engu vegið eða metið áhrif lagasetningarinnar gagnvart stjórnarskrá – eða raunar gagnvart öllum þeim sem komu ekki að samningu þess – eykur nauðsyn þess að dómstólar beiti endurskoðunarvaldi sínu, líkt og fjallað verður um nánar hér á eftir.
13. Að lokum skal þess getið að ekki var óskað umsagna frá áfrýjendum eða öðrum sem gætu verið á öndverðri skoðun við Landssamband veiðifélaga, t.d. Samtaka ferðaþjónustunnar eða Samkeppniseftirlitsins.
14. Að því sögðu hafa undirbúningsgögn með lagafrumvarpinu takmarkað vægi, enda hafa þau ekki gildi að lögum né ganga þau framur stjórnarskránni. Þá eru þessi gögn þeim annmarka háð að lagasetningin og undirbúningur hennar var óvönduð og byggð á misskilningi. Hefði undirbúningur verið í samræmi við þær kröfur sem gera verður eru líkur á því að til þessa málareksturs hefði ekki komið, enda hefði þá legið fyrir könnun og þá afstaða löggjafans til þeirra sjónarmiða sem hér er byggt á – eftir atvikum með þeim afleiðingum að til lagasetningar hefði aldrei komið.
15. Þá samræmist frumvarpið, sem líkt og áður greinir var samstarfsverkefni ráðuneytisins og Landssambands veiðifélaga, illa gildandi skoðunum um hlutverk og stöðu veiðifélaga. Þannig mælir frumvarpið fyrir um heimildir til að „nýta eignir veiðifélaga“ og „ráðstafa eign félagsins“, en í 6. mgr. 37. gr. laganna segir að sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyri þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga og í arðskrárhlutfalli. Fjallað er um þetta atriði í áðurgreindum dómi Hæstaréttar:

„Var þetta skýrt svo í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 61/2006 að með þessu væri áréttuð sú eignarréttarstaða í skiptum veiðifélags og félagsmanna að félagið sjálft væri ekki handhafi neins konar eignarréttarheimilda heldur teldust sjálfstæðar eignir félags tilheyra einstökum félagsmönnum og veiðiréttarhöfum í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu á grundvelli arðskrár.“

Nánar um lög um lax- og silungsveiði. Markmiðsákvæði og samræmisskýring

16. Fyrri atriði málatilbúnaðar áfrýjenda lýtur að því að útleiga stefnda á veiðihúsinu utan skilgreinds veiðitímabils geti ekki talist til „skyldrar starfsemi“ líkt og e-liður 1. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaga vísar til né samræmst lögunum að öðru leyti.
17. Í því sambandi vísa áfrýjendur til umfjöllunar í nefndaráliti atvinnuveganefndar Alþingis 30. apríl 2015, en þar segir:
- „Í dómi Hæstaréttar kemur fram að viðfangsefni veiðifélaga takmarkist á hverjum tíma við þau verkefni sem löggjafinn felur þeim og ótvírætt þurfi þau að vera í nánu samhengi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduaðild á að tryggja. [...] Það fellur undir hlutverk veiðifélags að eiga eignir og telur nefndin eðlilegt að veiðifélag geti einnig ráðstafað eignum svo fremi að slík ráðstöfun sé í samræmi við markmið laganna. Nefndin áréttar að í 1. gr. frumvarpsins er heimild veiðifélags til að ráðstafa eign utan veiðitíma bundin því skilyrði að um skylda starfsemi sé að ræða og verður umrædd starfsemi því að falla undir markmið laganna.“
18. Í 1. gr. lax- og silungsveiðilaga segir að markmið laganna sé að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni. Þetta eru hin lögbundnu markmið sem lögunum, þ.m.t. ákvæðum þessum um veiðifélög og skylduaðild að þeim, er ætlað að tryggja.
19. Fjallað er um veiðifélög í 1. mgr. 37. gr. laganna, en þar er hlutverk þeirra skilgreint skýrt og þröngt, líkt og eðlilegt er sökum skylduaðildarinnar. Þar segir:
- „1. mgr. 37. gr. Starfsvettvangur veiðifélags og félagsaðild.  
Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er m.a. eftirfarandi: [...]  
[e. að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn; heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi]“
20. Af ofangreindu er ljóst að tilvist veiðifélaga og skylduaðildar að þeim, er ætlað ná markmiðum laganna sem eru takmörkuð við veiðirétt og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni. Hvergi er þar mælt fyrir um heimild eða rétt veiðifélaga til að stunda veitinga- og gistirekstur utan skilgreinds veiðitímabils.
21. Áfrýjendur telja að almennur veitinga- og gistirekstur utan veiðitímans geti ekki talist til „skyldrar starfsemi eins og gerist um veiðitímann“ eins og það er orðað í greinargerð með frumvarpinu, enda er gisti- og veitingarekstur yfir veiðitímann bundinn við þjónustu við veiðimenn og aðra þá sem stunda lax- og silungsveiði á veiðisvæðinu. Þjónusta við aðra frístundagesti, skemmtiferðir fyrirtækja- og vinahópa og annað slíkt stendur því í engum tengslum við reglubundna starfsemi veiðifélagsins. Sé einhver vafi á inntaki og efni áður nefnds lagaákvæðis telja áfrýjendur að túlka beri ákvæðið þröngt.

22. Í þessu sambandi ber jafnframt að líta til þess að verkefni stefnda eru tæmandi talin í 4. gr. samþykktu hans frá 2007 en þar hvergi talað um almennan veitinga- eða gístirekstur utan veiðítímans (dskj. 2).
23. Lögbundið hlutverk veiðifélaga er að tryggja hagkvæma og sjálfbæra nýtingu á veiðirétti. Gísti- og veitingarekstur ótengdur veiði í ánni rúmast ekki innan þess. Rekstur í veiðihúsinu á veiðítímabili tengist ráðstöfun veiðiréttar enda lýtur hann að þjónustu við veiðimenn. Rekstur í veiðihúsinu utan veiðítímabils er allt annars eðlis og tengist hvorki veiði í ánni eða veiðimönnum. Um er að ræða almennan rekstur sem felst í útleigu á húsinu fyrir samkomur, skemmtanahald, útleigu gistingar og sölu veitinga.
24. Rekstur veiðihússins yfir vetrarmánuðina byggist ekki á þjónustu við veiðimenn sem keypt hafa veiðileyfi enda er veiðítímabili á umræddu félagssvæði þá lokið. Reksturinn yfir vetrartímam er því ekki í tengslum við skilgreind verkefni veiðifélaga né tilgang þeirra skv. lax- og silungsveiðilögum. Þá samræmist önnur túlkun á ákvæðinu illa þeirri staðreynd að stefndi er ekki handhafi nokkurra eignarréttarheimilda að veiðihúsinu, sbr. umfjöllun í 15. mgr. greinargerðar þessarar.
25. Þar sem útleigan fellur ekki undir ákvæði lax- og silungsveiðilaga, jafnvel eftir breytingarlög nr. 50/2015, gildir enn niðurstaða Hæstaréttar í Hrd. 676/2013 (Fossatún) og samþykki allra félagsmanna þarf til útleigunnar. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir.

Útleiga á veiðihúsi til gísti- og veitingarekstrar utan veiðítímabíla er andstæð stjórnarskrárbundnum réttindum áfrýjenda

26. Í síðari málslið 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar koma fram þrjú skilyrði, sem öll verða að vera uppfyllt til að skylda megi mann til aðildar að félagi: 1) að skyldan sé lögð á með lögum, 2) að félagið sinni lögmæltu hlutverki og 3) að nauðsyn beri til vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.
27. Sömu skilyrði kunna einnig að þurfa að vera uppfyllt til að skerða megi eignarréttindi manns til hagsbóta fyrir félag, sem hann vill standa utan við, sbr. Hrd. nr. 504/2008 (Landssamband smábátæigenda).
28. Í 2. mgr. 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eru sett þrjú skilyrði fyrir takmörkunum á félagafrelsi, svipuð þeim sem er að finna í stjórnarskránni: 1) þær skulu lagðar á með lögum, 2) þær skulu hafa lögmætt markmið: þ.e. vera tilkomnar vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi annarra, 3) þær skulu teljast nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.
29. Annað skilyrðið er sambærilegt við áskilnað 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár um nauðsyn vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Það þriðja, um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi, felur í fyrsta lagi í sér kröfu um knýjandi samfélagsþörf, í öðru lagi kröfu um



að gætt hafi verið meðalhófs til að ná fram hinu lögmæta markmiði og í þriðja lagi að réttlætunarástæður stjórnvalda séu málefnalegar og nægilegar.

30. Dómstólar hafa endurskoðunarvald þegar kemur að mati því hvort að takmarkanir á félagafrelsi séu “nauðsynlegar vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra” og hvort þessar takmarkanir þjóni lögmæltu markmiði vegna almannaheilla eða til verndar heilsu, siðgæði eða réttindum og frelsi manna. Að lokum ber dómstólum að meta hvort þær teljist nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.
31. Af hálfu áfrýjenda, og þá sérstaklega áfrýjandans Ingibjargar, er á því byggt að ekki sé nauðsynlegt að blanda þeim þáttum er lúta að veiðistjórnun veiðifélaga saman við almennan veitinga- og gistirekstur utan veiðitímabils og þvinga menn til þátttöku í slíku félagi og lúta ákvörðunarvaldi þess. Afleiðingar þess geta jafnframt verið sérkennilegar og tjónvaldandi líkt og í tilfalli áfrýjenda sem þvinguð eru til þátttöku í áhættusömum atvinnurekstri sem er í beinni samkeppni við þeirra eigin.
32. Þá er á því byggt af hálfu áfrýjenda að þessi skerðing á félagafrelsi þeirra og eignarrétti geti með engu móti talist „nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi“ eða þá heldur að til hennar standi einhver „knýjandi samfélagsþörf“ sem áskilin hefur verið í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, en fyrir slíkri réttlætingu ber stefndi sönnunarbyrði.
33. Með öðrum orðum er á því byggt að ef ákvæðið laga nr. 50/2015 veitir stefnda heimild til þess að leigja veiðihúsið út til hverskonar viðburða og ferðaþjónustu, líkt og stefndi telur, er afstaða áfrýjanda Ingibjargar sú að löggjafinn hafi gengið of langt gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar um neikvætt félagafrelsi.
34. Það er því ekki er nægilegt að tiltekið verkefni sé heimilað í lögum heldur þarf að fara fram sjálfstætt mat á því hvort þetta verkefni sé heimilt gagnvart félagafrelsinu.
35. Eftir því sem hlutverkum skylduaðildarfélags er fjölgað og þau verða fjölbreyttari, þeim mun erfiðara verður að réttlæta þau, enda er þá um meiri og meiri takmarkanir á einstaklingsbundnum réttindum að ræða.
36. Hlutverk veiðifélaga er að tryggja hagkvæma og sjálfbæra nýtingu á veiðirétti. Gisti- og veitingarekstur ótengdur veiði í ánni rúmast ekki innan þess.
37. Ákvæði lax- og silungsveiðilaga um skylduaðild stefnir í grunninn að lögmætu markmiði, þ.e. að tryggja réttindi annarra veiðiréttarhafa, sbr. 1. gr. lax- og silungsveiðilaga. En með því að mæla fyrir um skylduaðild að félagi sem er síðan heimilað að stunda allskyns starfsemi, t.d. ferðaþjónustu eða gisti- og veitingarekstur utan veiðitímabils, án samþykkis allra félagsmanna gekk löggjafinn of langt. Slík lagasetning þjónar ekki markmiðinu um að gæta að hinum nátengdu réttindum veiðiréttarhafa í sömu á. Vægara úrræði hafi einnig verið í boði, t.d. að takmarka starfsemi veiðifélaga við nauðsynleg verkefni, eða að gera kröfu um einróma samþykki félagsmanna fyrir aukaverkefnum líkt og þeim sem hér er fjallað um.

### Útleiga veiðihússins er í andstöðu við eignarréttindi áfrýjenda

38. Veiðiréttindi áfrýjandans Ingibjargar eru eignarréttindi sem njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þá tilheyra sjálfstæðar eignir veiðifélags (t.d. veiðihús) þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga í arðskrárhlutfalli, sbr. 6. mgr. 37. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006 og 15. mgr. greinargerðar þessarar.
39. Í skylduaðild að stefnda og ráðstöfun hans á veiðihúsinu án samþykkis áfrýjenda felst því takmörkun á eignarréttindum hennar. Slíkar takmarkanir þurfa að standast kröfur 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu um lagaheimild, lögmætt markmið, nauðsyn og meðalhóf, en ekkert mat var framkvæmt á þessu við lagasetninguna.
40. Í áðurnefndum dómi Hæstaréttar var komist að þeirri niðurstöðu að leiga á veiðihúsi til gisti- og veitingarekstrar utan veiðitímabils væri meiriháttar ákvörðun í skilningi óskráðra reglna um sérstaka sameign og til hennar þyrfti því samþykki allra félagsmanna.
41. Ef breytingarlög nr. 50/2015 viku þessum óskráðu reglum til hliðar byggir stefnandi á því að lög nr. 50/2015 hafi með óheimilum hætti takmarkað þá vernd eignarréttinda áfrýjandans, Ingibjargar sem hinar óskráðu reglur um óskipta sameign veittu. Því sé brotið gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar.

### Um endurskoðunarvald dómstóla og gæði lagasetningar

42. Sökum þess hvernig staðið var að undirbúningi og setningu laga nr. 50/2015 er mikilvægt að dómstólar framkvæmi það mat sem að löggjafanum bar að framkvæma. Þó almennt sé talið að löggjafinn hafi svigrúm til að meta hvort lagasetning samræmist kröfum um meðalhóf og hvort takmarkanir á mannréttindum séu nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi, er ljóst af dómaframkvæmd að dómstólar hafa endurskoðunarvald þegar kemur að þessum þáttum.
43. Til viðbótar við ofangreint er á því byggt að þegar dómstólar beita þessu endurskoðunarvaldi skuli m.a. líta til málsmeðferðar og gæða lagasetningarinnar (e. process based review). Í því felst að ef löggjafinn hefur lagt vandlegt mat á andstæða hagsmuni eftir víðtækt samráð sé ólíklegra að dómstólar hnekki því mati (*MDE Animal Defenders International gegn Bretlandi* (2013 [GC]), mgr. 42—55; 108-110, 114-116 og *MDE Maurice gegn Frakklandi*, (2005 [GC]), mgr. 121., 124). Hins vegar sæti löggjafinn strangara mati ef undirbúningurinn er óvandaður (*MDE Hirst gegn Bretlandi* (Nr. 2) (2006), mgr. 21-24, 78, 79, *MDE Anchugov & Gladkov gegn Rússlandi* (2013), mgr. 109-111.).
44. Í greinargerð þessari hafa áfrýjendur rakið hvernig hin umrædda lagasetning og beiting stefnda á þessum heimildum hafi skert félagafrelsi og eignarrétt áfrýjenda. Þegar litið er til þess hvernig staðið var að undirbúningi, afgreiðslu og efni frumvarpsins sem varð að



lögum nr. 50/2015 er á því byggt að nauðsynlegt sé að dómstólar taki skýra afstöðu til þess hvort lögin og beiting þeirra samræmist grundvallarréttindum áfrýjenda.

#### Uppbygging veiðihússins og rekstur þess er óarðbær

45. Afar takmarkaðir gistimöguleikar til sveita voru meginástæða þess að veiðifélög byggðu hófleg veiðihús upp úr miðri síðustu öld til þjónustu við veiðimenn. Almennur rekstur veitinga- og gistipjónustu á landsbyggðinni er vandasamur jafnvel þegar best gefur eins og metárið 2018. Samkvæmt úttekt KPMG var tap gististaða á Vesturlandi 5,4% af veltu það ár (sjá bls. 149-151). Almennur rekstur veitinga- og gistipjónustu á landsbyggðinni utan háannatímabils krefst stærra almenns veitinga- og svefnrýmis, fyrir meiri fjölda gesta, sem borga að meðaltali verulega lægra verð, en það sem viðgengst á veiðitímamum. Það er því langsótt og villandi þegar látið er að því liggja að hægt sé að auka arðbærni veiðifélaga með því að stunda almennan veitinga- og gistirekstur utan veiðitímans. Því til viðbótar er ljóst að taprekstur hefur verið á rekstri veiðihúss stefnda á undanförunum árum (sjá bls. 106 og LRSKJ. F)
46. Í málatilbúnaði stefnda fyrir héraði og framburði formanns stefnda fyrir dómi hefur komið fram að umfang veitinga- og gistipjónustu í veiðihúsinu utan veiðitímabilsins hafi verið takmarkað (sjá bls. 194-195). Ástæða þess er að sögn tengd lítilli eftirspurn, litlum áhuga fyrrum rekstraraðilans Hreggnasa og óvissu í tengslum við málarekstur áfrýjenda til viðurkenningar á rétti sínum. Skilningur áfrýjenda er sá að sá veitinga- og gistirekstur sem nú er stundaður í veiðihúsinu sé rekinn af stefnda og á fjárhagslega áhættu hans.

#### Umfjöllun um hinn áfrýjaða dóm

47. Í dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. E-19/2019 er ekki tekin rökstudd afstaða til málsástæðna áfrýjenda. Þannig er með engu móti tekin afstaða til þess hvort sú ráðstöfun að stunda gisti- og veitingarekstur utan skilgreinds veiðitímabils samrýmist markmiði laga um lax- og silungsveiði. Þá virðist dómurinn ganga út frá því að þar sem Hæstiréttur hafi talið í Hrd. 676/2013 að gisti- og veitingarekstur á skilgreindu veiðitímabili félli innan marka laganna, þá falli gisti- og veitingarekstur utan skilgreinds veiðitímabils innan marka þeirra eftir breytingalög nr. 50/2015. Virðist þessi niðurstaða fengin án mats á því hvort ráðstöfunin samrýmist markmiði laganna sem og án fullnægjandi mats á því hvort gengið sé of nærri stjórnarskrár bundnum réttindum áfrýjenda skv. 72. gr. og 2. mgr. 74. gr. hennar. Þá er með engu móti farið í það mat sem þær greinar, ásamt 11. gr. MSE og 1. gr. 1. samningsviðauka MSE, áskilja.
48. Með vísan til alls framangreinds svo og alls þess sem rakið er í héraðsdómsstefnu áfrýjenda (bls. 1-10) gera áfrýjendur þá kröfu að niðurstöðu héraðsdóms verði hrundið og breytt á þá leið að fallist verði á viðurkenningarkröfu þeirra og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Landsrétti.

### Vegna kröfu um málskostnað

Um málskostnaðarkröfu áfrýjenda vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr.

### Áskilnaður og ný gögn

Áfrýjendur áskilja sér rétt til að koma að frekari málsástæðum og gögnum á síðari stigum málsmeðferðar. Áfrýjendur leggja fram eftirfarandi ný skjöl til Landsréttar:

- D. Greinargerð þessa
- E. Staðfestingu Konráðs Konráðssonar, endurskoðanda hjá KPMG, 3. desember 2020
- F. Ársreikningur stefnda vegna reikningsársins 2019

### Skýrslugjöf

Áfrýjendur telja ekki nauðsynlegt á þessu stigi að spila upptökur frá héraðsdómi við aðalmeðferð máls þessa fyrir Landsrétti.

Áfrýjendur óska eftir að Konráð Konráðsson, endurskoðandi hjá KPMG gefi skýrslu fyrir Landsrétti og staðfesti skjal LRSKJ. E. Að öðru leyti er að mati áfrýjenda ekki þörf fyrir frekari skýrslutökur.

Ítreka gerðar kröfur og legg málið í dóm með venjulegum áskilnaði. Áætlaður ræðutími er 60 mínútur.

Reykjavík, 22. desember 2020

  
f.h. áfrýjenda

Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður

Til Landsréttar